

Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar,  
10 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullægja með aðför að  
lögum.

Nr. 15/1901: Hið opinbera  
gegn  
Gísla Eyólfssyni.

### D ó m u r:

Mál þetta var höfðað fyrir lögreglurétti Reykjavíkurkaupstaðar gegn hinum kærða Gísla Eyólfssyni fyrir ólöglega tómthúsmensku í kaupstaðnum, og var það dæmt af lögregluréttinum 20. febr. þ. á., á þá leið, að kærði skyldi greiða 15 kr. sekt, sem að helmingi rennur í fátækrafsjóð Reykjavíkur, en að helmingi til fátækranefndarinnar þar; svo var hann og dæmdur til að greiða allan kostnað málsins. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir beiðni hins kærða.

Eftir skýrslu hins kærða sjálfs var hann bóndi á Kjaransstöðum á Akranesi yfirstandandi fardagaár, en í byrjun febrúarmánaðar þ. ár flutti hann til Reykjavíkur með konu sína og 3 börn, og leigði sér hér húsnæði til 14. maímánaðar næstkomandi. Hann flutti og hingað með sér eina kú, og á enga búslóð eftir á Kjaransstöðum nema 2 hross; ekkert fólk var heldur þar eftir á hans vegum. Eftir þessu verður að líta svo á, að kærði hafi hætt búskap á Kjaransstöðum, og að

Hann hafi sezt að í húsmensku í Reykjavík, og með því að hann hafði eigi sótt um né fengið leyfi fátækrastrjórnarinnar til þessa, hefir hann gjörst brotlegur eftir tilsk. 26. maí 1863, 12. gr., og verður að sæta sekt fyrir. Þykir sektin hæfilega ákveðin 10 kr., sem að helmingi tilfalli fátækrastrjóði Reykjavíkur, og að helmingi fátækra-nefndinni þar. Með því að yfirdómurinn felst á ákvæði lögregluréttardómsins um málskostnað, ber að staðfesta téðan dóm með þessari breytingu á sektarupphæðinni. Hinn kærði verður og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu- og skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins fyrir lögregluréttinum hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskadur, þó svo, að sektarupphæðin sé 10 kr. Kærði Gísli Eyólfsson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar

séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. júnímánaðar.

Nr. 5/1901:

W. Ó. Breiðfjörð  
gegn

Jakobi Frimannssyni.

D ó m u r:

Þegar áfrýjunarstefnan í máli þessu átti að falla í rétt, 20. f. m., mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hendi, og var stefnan eigi lögð fram í yfirdóminum. Aftur á móti mætti í yfirdóminum í þetta skifti af hálfu stefnda samkvæmt stefnunni yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason og krafðist kosts og tæringar handa stefnda fyrir að hafa látið mæta árangurslaust í málinu. Þer að taka þá kröfu til greina samkv. N. L. 1—4—34, og dæma stefnda í kost og tæring hjá áfrýjanda, 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi W. Ó. Breiðfjörð kaupmaður greiði stefnda Jakobi Frimannssyni í kost og tæring 6 — sex — krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaadför.